

Eftirlit með markaðssetningu og merkingum sæfivara

Vöruflokkar 7, 8, 14, 18 og 21

Dagsetning	21. september 2021
Fyrirtæki	BAUHAUS slhf.
Heimilisfang	Lambhagavegi 2-4, 113 Reykjavík
Kennitala	7004080780
Starfsemi	Smásala á járn- og byggingavöru í sérvörslunum
Eftirlitsstaður	Lambhagavegi 2-4, 113 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Daníel Sigurðsson
Eftirlitsmenn	Hafdís Inga Ingvarsdóttir og Bergdís Björk Bæringsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Daníel Sigurðsson daniel@bauhaus.is s: 615 2082

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum hjá BAUHAUS þann 21.9.2021. Skoðaðar voru 17 vörur; ein vara í vöruflokki 18 (skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum), 12 vörur í vöruflokki 7 (rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu), ein vara í vöruflokki 8 (viðarvarnarefni) og 3 vörur í vöruflokki 21 (gróðurhindrandi vörur). BAUHAUS slhf. er birgir eða innflutningsaðili allra varanna nema vörunnar í vöruflokki 18. Af vörunum sem voru skoðaðar reyndust 10 þeirra ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

BPR: Reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur¹.

CLP: Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna².

¹ Samsett reglugerð [nr. 878/2014](#) á vef Umhverfisstofnunar.

² Samsett reglugerð [nr. 415/2014](#) á vef Umhverfisstofnunar.

Hættuflokkun/flokkun: Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP reglugerðarinnar um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu.

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH) sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)³.

Sæfivara:

- sérhvert efni eða blanda, í því formi sem efnið eða blandan er afhent notendum, sem samanstendur af, inniheldur eða myndar eitt eða fleiri virk efni og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum,

- sérhvert efni eða blanda sem myndast úr efnnum eða blöndum sem sjálf falla ekki undir fyrsta undirlið og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum.

Virkt efni: Efni eða örvera sem verkar á skaðlegar lífverur eða verkar gegn þeim.

ÖRYGGISBLÖÐ SÆFIVARA

Öryggisblöð fyrir sæfivörur eiga, eftir atvikum, að vera tekin saman og gerð aðgengileg í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (REACH). Upplýsingar í öryggisblöðum eiga að vera nákvæmar, skiljanlegar og eiga sérstaklega við efnið eða efnablönduna sem um ræðir. Öryggisblöð eiga að vera í samræmi við ákvæði II. viðauka við REACH reglugerðina (nýjustu útgáfu hans má nálgast í reglugerð (ESB) nr. 830/2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)).

MERKING SÆFIVARA

Sæfivörur, með markaðsleyfi, eiga að vera flokkaðar, þeim pakkað og þær merktar í samræmi við upplýsingar í markaðsleyfi viðkomandi vöru og, eftir atvikum, reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP). Sæfivörur, sem umbreytingaráðstafanir gilda um, sbr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 (BPR), eiga að vera merktar í samræmi við CLP reglugerðina.

Í 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og 1. kafla III. bálks í CLP reglugerðinni eru ákvæði um merkingar efnavara. Samkvæmt þeim ákvæðum skulu birgjar tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Texti merkinganna er varðar hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörunarorð skal vera á íslensku með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014. Merkingar innfluttra vara mega samkvæmt undantekningum bera upprunalegar merkingar á ensku, dönsku, norsku eða sænsku ef rúmmál innfluttrar vörutegundar er undir 125 ml og fellur undir lið 1.5.2.1. í I. viðauka í reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sbr. 2. mgr. 4. gr. eða vara er eingöngu ætluð til notkunar á rannsóknarstofum eða við raungreinakennslu í skólum eða öðrum hliðstæðum tilgangi.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða efnis eða efnablöndu, sem flokkast sem hættuleg og er í umbúðum, í samræmi við framangreindar kröfur, sbr. neðangreindar vísanir í einstök ákvæði CLP reglugerðar:

³ Samsett reglugerð [nr. 888/2015](#) á vef Umhverfisstofnar.

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað.
- Tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi (t.a.m. rúmmál) í samræmi við b)-lið 1. mgr. 17. gr.
- Vörukenni í samræmi við c)-lið 1. mgr. 17. gr. og 18. gr. Vörukenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna.

o Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess.

o Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturrhif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturrhif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturrhif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.

- Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka.
- Viðvörðunarorð (Varúð eða Hætta) í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.
- Hættusetningarnar í samræmi við f)-lið 17. gr. sbr. 21. gr.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g)-lið 17. gr. sbr. 22. gr.
- Reitur fyrir viðbótarkerkingar ef við á sbr. 17. gr. og 25. gr.

Fylgja skal töflu 1 varðandi stærð hættumerkinga og rými á umbúðum undir þær.

Tafla 1: Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka við CLP með síðari breytingum.


Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (mm)	Stærð hvers hættumerkis (mm)
ekki umfram 3 lítra	a.m.k. 52 x 74, ef unnt er	ekki minna en 10 x 10 a.m.k. 16 x 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar	a.m.k. 74 x 105	a.m.k. 23 x 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar	a.m.k. 105 x 148	a.m.k. 32 x 32
meira en 500 lítrar	a.m.k. 148 x 210	a.m.k. 46 x 46

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP reglugerð.

ÁÞREIFANLEGAR VIÐVARANIR

Ákvæði um áþreifanlegar viðvaranir er að finna í lið 3.2 í II. viðauka CLP. Skylt er að setja áþreifanlega viðvörðun á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 4. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H312, H330, H331, H332).
- húðæting (H314).
- stökkbreytandi áhrif á kímfrumur - 2. undirflokkur (H341).
- krabbameinsvaldandi áhrif - 2. undirflokkur (H351).
- eiturrif á æxlun - 2. undirflokkur (H361).
- næming öndunarfæra (H334).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. og 2. undirflokkur (H370, H371, H372, H373).
- ásvelgingarhætta (H304).
- eldfimar lofttegundir, vökvar og föst efni - 1. og 2. undirflokkur (H220, H221, H224, H225, H228).



Áþreifanlegar viðvaranir skulu uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 11683 með áorðnum breytingum.

ÖRYGGISLOK

Ákvæði um barnheld öryggislok er að finna í lið 3.1 í II. viðauka CLP. Skylt er að setja öryggislok á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 3. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H330, H331).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. undirflokkur (H370, H372).
- ásvelgingarhætta - 1. undirflokkur (H304).
- húðæting - 1. undirflokkur (H314).
- Einnig á vörur með metanóli (3% eða meira) eða díklórmetani (1% eða meira).

Fylgja skal staðlinum EN ISO 8317 á endurlokanlegar umbúðir og CEN EN 862 á umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar þegar nota skal barnheld öryggislok.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 21.9.2021, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með sæfivörum, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur sem innleiðir reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inn í íslenskan rétt. Eftirlitið fór fram sama dag og náði til allra sæfivara sem BAUHAUS slhf. býður fram á markaði og flokkast undir vörflokkum 7, rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu; 8, viðarvarnarefni; 14, nagdýraeitur; 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum og 21, gróðurhindrandi vörur. Markmið eftirlitsins var að skoða hvort vörurnar uppfylli skilyrði um markaðsleyfi og merkingar, sbr. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og skilyrði um merkingar, sbr. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki
Gori Dækkende træbeskyttelse nr. 605 – Svenskrød 2,5 l	8716242881421
Gori Transparent træolie nr. 303 – Nyatoh 5 l	8716242879732
Pinotex Classic – Base clear 1 l	7391306156786
Pinotex Classic heldækkende – Base clear 2,5 l	7391306157219
Pinotex Dør- og vinduesmaling – Base white 1 l	7391306157486
Pinotex Terrasseolie – Base clear 5 l	7391306157431
Benar Edeltreolje – Klar 0,75 l	7029350006688
Demidekk Ultimate – Hvit base 3 l	7029359999486
Drygolin vindu og dør – B-base 1 l	7029350008422
Lady Aqua – A-base 3 l	7029350011811
Treolje – Gylden 3 l	7029350890386
Visir Oljegrunning Klar – Klar 0,9 l	7029350003090
Visir Oljegrunning Pigmentert – Pigmentert	7029350006794
NonStop II – Grey – 2,5 l	7029350010791
NonStop Supreme – Dark Grey 0,75 l	7029350009245
Aqualine Optima Spray – 0,4 l	7029350003069
Masterfly flugnaeitur – 750 ml	8421341961102

FRÁVIK⁴

Vara	Lýsing	Birgir ⁵
Gori Dækkende træbeskyttelse nr. 605	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</p> <p>b) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</p> <p>Hættusetningar H412 og EUH 066 vantar á íslenskan miða í samræmi við hættuflokkun. Upptalning á næmandi efnum í hættusetningu EUH 208 er ekki fullnægjandi miðað við öryggisblað.</p> <p>Varnaðarsetningar P273 og P501 vantar á íslenskan miða í samræmi við hættuflokkun.</p>	PPG Coatings Danmark A/S

⁴ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

⁵ Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.

<p>Pinotex Classic</p>	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</p> <p>Upptalning á næmandi efnum í hættusetningu EUH 208 er ekki fullnægjandi miðað við öryggisblað.</p> <p>Hættusetningu EUH 066 vantar á íslenskan miða í samræmi við hættuflokkun.</p> <p>Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.</p> <p>Það vantar heimilisfang BAUHAUS á íslenskan miða.</p>	<p>BAUHAUS slhf.</p>
<p>Pinotex Classic heldækkende</p>	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</p> <p>Upptalning á næmandi efnum í hættusetningu EUH 208 er ekki fullnægjandi miðað við öryggisblað.</p> <p>Hættusetningu EUH 066 vantar á íslenskan miða í samræmi við hættuflokkun.</p> <p>Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.</p> <p>Það vantar heimilisfang BAUHAUS á íslenskan miða.</p>	<p>BAUHAUS slhf.</p>
<p>Pinotex Dør- og vinduesmaling</p>	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</p>	<p>BAUHAUS slhf.</p>

	<p>Upptalning á næmandi efnum í hættusetningu EUH 208 er ekki fullnægjandi miðað við öryggisblað.</p> <p>Hættusetningu EUH 211 vantar á íslenskan miða í samræmi við hættuflokkun. Athugið að í öryggisblaði vörunnar er setningin ekki í samræmi við staðlaða setningu. Rétt stöðluð setning er: „<i>Varúð! Hættulegir dropar sem hægt er að anda að sér geta myndast við úðun. Varist innöndun ýringar eða úða.</i>“</p> <p>Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.</p> <p>Það vantar heimilisfang BAUHAUS á íslenskan miða.</p>	
Pinotex Terrasseolie	<p>Skv. 1. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013 skulu birgjar tryggja að efni og efnablöndur sem tilbúin eru til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra.</p> <p>Hættusetningunni H412 er ofaukið miðað við hættuflokkun vörunnar.</p> <p>Upptalning á næmandi efnum í hættusetningu EUH 208 er ekki fullnægjandi miðað við öryggisblað.</p> <p>Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.</p> <p>Það vantar heimilisfang BAUHAUS á íslenskan miða.</p>	BAUHAUS slhf.
Benar Edeltreolje	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</p> <p>Varnaðarsetninguna P305 vantar í samsettu varnaðarsetninguna P305 + P351 + P338.</p>	BAUHAUS slhf.
Demidekk Ultimate	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</p>	BAUHAUS slhf.

	Hættusetningu EUH 211 vantar á íslenskan miða í samræmi við hættuflokkun.	
NonStop II	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. b) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. <p>Hættusetning H302 + H332 er ekki fullnægjandi miðað við staðlaða setningu.</p> <p>Varnaðarsetningin P210 er ekki fullnægjandi miðað við staðlaða setningu.</p> <p>Virka efnið koparþíósýanat vantar í upptalningu á innihaldsefnum og virka efninu díkoparoxíð er ofaukið miðað við erlendar merkingar.</p>	Jotun A/S
NonStop Supreme	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. <p>Varnaðarsetningar P261 og P210 eru ekki fullnægjandi miðað við staðlaðar setningar.</p>	Jotun A/S
Aqualine Optima Spray	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <ul style="list-style-type: none"> c) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. d) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. <p>Hættusetning H229 er ekki fullnægjandi miðað við staðlaða setningu.</p>	Jotun A/S

	Varnaðarsetningar P261, P210 og P410 + P412 eru ekki fullnægjandi miðað við staðlaðar setningar.	
--	--	--

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun vill benda á að á vörunni Demidekk Ultimate er efninu 2-methyl-2H-isothiazol-3-one ofaukið í upptalningu hættulegra innihaldsefna. Á íslenskum merkimiða vörunnar Aqualine Optima Spray vantar að telja upp virka efnið koparþíósýanat til að upptalningin sé í samræmi við erlendar merkingar vörunnar.

Varan Pinotex Terrasseolie hættuflokkast ekki og því er heimilt að hafa merkingar umbúða hennar á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur.

Ef BAUHAUS sjálft merkir vörur með merkimiða á íslensku gerir það BAUHAUS að birgi varanna í skilningi efnalaga og þarf að merkja þær með nafni, heimilisfangi og símanúmeri, sbr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Stofnunin vill jafnframt benda á að réttar staðlaðar hættu- og varnaðarsetningar má finna inni á vefsíðu Umhverfisstofnunar, ust.is og bendir sérstaklega á síðuna Hættumerkingar efnavara - verkfæri⁶, sem er hugsuð sem verkfæri til að auðvelda þeim sem vinna við gerð umbúðamerkinga að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga.

Að lokum vill stofnunin benda á að þrátt fyrir 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þurfa þær vörur sem féllu undir umfang verkefnisins ekki markaðsleyfi eins og er. Sótt hefur verið um markaðsleyfi fyrir vörunum NonStop II, NonStop Supreme og Aqualine Optima Spray og eru þær því löglegar á markaði þó að ákvörðun um markaðsleyfi hafi ekki verið tekin. Aðrar vörur innihalda virkt efni sem er enn í áhættumati í viðkomandi vöruflokki sæfivara og því gilda umbreytingaráðstafanir, sbr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 (BPR). Þegar síðasta virka innihaldsefni tiltekinnar vöru hefur verið samþykkt í áhættumati fyrir vöruflokkinn þarf að sækja um markaðsleyfi fyrir íslenskan markað eða að öðrum kosti taka hana af markaði. Ef virkt innihaldsefni er ekki samþykkt til notkunar í sæfivörur í viðkomandi vöruflokki má ekki markaðssetja vörur sem innihalda efnið og falla undir vöruflokkinn sem um ræðir.

Reykjavík, 8. desember 2021

Hafdís Inga Ingvarsdóttir

⁶ Hættumerkingar efnavara – verkfæri: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/haettumerkingar-efnavara-verkfaeri.html>